Skólafundur

15. mars 2016



Skólafundur

15. mars 2016

Hvernig gætum við nýtt skólalóðir FB betur? Hvernig ættu lóðirnar að líta út eftir t.d. 25 ár? Hvernig má bæta og fegra umhverfi FB?

Hvernig er fyrirmyndarskipulagið í Efra-Breiðholti? Ef þétta ætti byggð, ætti að byggja stórar byggingar eða litlar, t.d. íbúðakjarna lítilla smáhýsa (30 til 50 m2)? Hvar gæti slík byggð verið í Breiðholti?

Ef nemendur upplifa erfiðleika í umferðinni til og frá skóla, hvernig gætu lausnirnar litið út?

Eru aðstæður til hjólreiða góðar í Efra-Breiðholti? Væri hægt að bæta þær og þá hvernig?

Nú er komið að ykkur nemendur!
Allar hugmyndir eru góðar hugmyndir.

Sigurður Fjalar Jónsson - LJO1S12

1. Fjölga bílastæðum.
2. Gera aðstöðu fyrir utan mötuneytið (eða einhversstaðar á skólalóðinni) svo maður gæti setið úti í góða veðrinu, t.d. í frímínútum á vorin og haustinn.
3. Bæta aðalinnganginn.
4. Nýta miðrýmið hafa lítið bókasafn eða setustóla.
5. Stækka körfuboltavöllin bak við skólann og setja hita í lóðina og nýta í íþróttakennslu þegar veður leyfir. Myndi gera mikið fyrir skólann að hafa smá líf á skólalóðinni á kennslutíma.
6. Merkja bílastæði nemanda betur og bæta snjómoksturinn á bílastæðinu.

Linda Hængsdóttir - ÞÝSK1AA05

1.Við gætum stækkað skólann til að nota meira af lóðinni sem skólinn hefur/stærra bílastæði.
2. Betri aðstaða til að læra úti fyrir aftan skólann. Núna er þetta svæði ekkert notað.
3. Svæðið í kringum bílastæði FB er mjög þröngt. Líka hægt að laga holur í götum.
4. Mætti bæta göngustíga utan skólans.

*Þríhyrnings grassvæðið fyrir aftan skólann er góður staður fyrir íbúðarhúsnæði fyrir nemendur FB. Krakkar sem koma utan af landi eða kjósa að vera þar geta leigt þar. Nálægt skólanum, sundlauginni, ræktinni og verslunum. Þetta getur verið eins og stúdentagarðar. Þetta er leiksvæði fyrir krakka núna en staðurinn er lítið nýttur og fara krakkar frekar á skólalóðirnar í kring og er staðurinn nýttur meira til að reykja eða eitthvað svoleiðis.

1.Það sem við höldum að gæti bætt aðstöðu mikið við FB er að laga bílastæði skólans. Það er frekar algengt vandamál að ná stæði og komast að. Það besta sem hægt væri að gera uppá útlit skólans er að bæta það. Sérstaklega þegar World Class kemur inní grautinn líka seinna á árinu.
Hugmyndir okkar er að koma þessum fyritækjum (FB, World class, Breiðholds Sundlauginn og ýmis íþróttafélög sem njóta aðstöðu íþróttahúss breiðholts) saman og koma upp kerfi til að sameina og stjórna bílastæðamálum.
Það er nú ekki mikið pláss til að byggja ný og ný stæði en okkar hugmynd er að breyta bílastæði skólans í bílakjallara.
Þar getum við sameinað öll bílastæðin á snyrtilegan og þægilegan hátt.
Hvernig þettta myndi virka er að til dæmis FB myndi fá fyrstu hæðir bílakjallarans, Sundlauginn aðrar o.s.fv. Til að halda skipulagi á þessu myndum við nota kortakerfi til að passa að réttir aðilar leggja á réttu hæðunum. Til dæmis með skólasókn FB fylgir kort sem opnar fyrir FB hæðir, Sundkort myndi virka fyrir Sundlaugar hæðir o.s.fv.
Auðvitað er þetta algjör fantasía en við teljum að þetta gæti verið sniðugt til að koma í veg fyrir yfirflæði af lögðum bílum á hverjum fermeter.
2. Það sem við myndum vilja sjá eru litlar studio íbúðarblokkir. Fyrir fólk sem vilja byrja á minna húsnæði. Líkar íbúðir og eru í stúdentagörðum í Grafarholti. (kannski aðeins ódýrari) Þessar íbúðir gætu verið fyrir bæði nemendur og þá sem eru ekki í námi. (hugmyndinn væri aðalega fyrir ungt fólk sem vilja flytja út og ekki verða stórskuldug í leiðinni.)
3. Á hverjum morgni er alltaf mikil traffík á leið til skólans. Við teljum að vandamálið sé þrengingin fyrir framan Hólabrekkuskóla. Hún hægir rosalega mikið á umferðinni í báðar áttir og veldur teppu. Það er oft fámennt um gangandi vegfarendur þarna á milli og sama hvernig fer er alltaf bílar stopp þarna. Við teljum að það væri betra að vera með gönguljós í staðinn fyrir þrenginguna. Þannig getur verið betra flæði á umferðinni og jafnvel verið öruggara fyrir gangandi vegfarendur.
4. Hjólafólk má bara fara að læra að fokking vera á gangstéttinni og hætta að eyða peningum ríkisins í kjaftæðis hjólastíga. Þeir nota þá ekki einu sinni og eru bara fyrir bílum og hugsa um eiginn afturenda. Ef gangstéttinn er of erfið fyrir þá mega þeir endilega fá sér betra hjól eða fjárfesta í bíl/hlaupaskó.

Spurning 1) setja blómabeð, rækta grænmeti, gosbrunn við hlið skólans, styttu af Gillz, setja eitthvað meira en bara bílastæði, gras og stéttir í kring.

Spurning 2) Ef það ætti að fjölga byggingum þá finnst okkur að það ætti það er vera blokkir. Smáhýsi tekur of mikið pláss, það væri betra að hafa blokkir og fleiri íbúðir.
Spurning 3) fín umferð í kringum skóla fyrir bíla.
Spurning 4) þær eru bara mjög fínar. Þyrfti ekkert að bæta þær að okkar mati.

1. Bílastæðakjallari, breyta körfuboltavellinum í stæði, Skúlptúrar á opnu svæðin.
2. Hægt væri að byggja lítinn íbúðarklasa á gamla niðurrifna fótboltavellinum við Suðurborg.
3. Taka þrenginguna yfir undirgöngunum og færa innkeyrslu inn á bílastæði örlítið til að koma í veg fyrir umferðarhnúta.
4. Breikka göngustíða eða setja hjólabrautir. Setja fleiri hjólastæði fyrir utan skólann.

- Red carpet og ljósmyndarar til að vera fabulous!
- Stækka inngang eða passa að fólk leggi ekki á aðalgötu.
- Bæta aðgengi fótgangandi nemenda á veturna. Ryðja snjó af gangstéttum og salta – léttara að trítla á Vatnajökul en í skólann.

Passa það að bílar leggi ekki eftir aðalgötunni því það lokar einni akrein eða stækka götuna eða jafnvel fjölga stæðum.
Ryðja snjóinn af bílastæðunum almennilega eða setja hita í bílastæðið.
Strætó verður að fá nýjar stoppistöðvar því eins og er þá stöðva þeir alla umferð nálægt Wilsons og mini-market og líka hjá Leifasjoppu.

Bílakjallari sem er kannski lokaður og það þarf einhverskonar nemakort/aðgangskort þar niður þannig að eins nemendur skólans geti lagt þar. Væri líka hægt að hafa hæð upp en hitt væri snyrtilegra og betri nýting.

Hafa einn stað þar sem keyrt er inn á planið og annan þar sem keyrt er út (minnkar teppu)

Betri nýuting með stærri byggingum og hafa bílakjallara (næg bílastæðiog ef blokkin/ar væru nálægt skólanum þá væru þeir íbúar sem búa þar ekki að keyra í skólann og þá eru fleiri stæði fyrir aðra á skólalóðinni.

Fínar hjólaaðstæður en vantar öruggari hjólastæði, kannski hafa eftirlitsmyndavél á svæðinu sem hjólin eru og/eða hafa kannski hjólageymslu, hafa eftirlit með henni og geymslan verndar reiðhjólin frá veðrinu og á rigningardegi kæmiru ekki að blautum hnakki. Þyrfti að vera þæginlegt og fljótlegt aðgengi að geymslunni/skýlinu.

Fleiri sófa inni.

Anna María Gunnarsdóttir - ÍSL 403

Spurning 1. Maggi hvar eru allir sófarninir sem voru keyptir? Við höldum að þú hafið setið í þeim eina.
Hvernig gætum við nýtt skólalóð FB betur?

- Malbikað bílastæðin aftur og moka þau betur, allt of stór pollur og það þarf að moka allt bílastæðið.
- Sett upp ísbúð og subvay
- Setja fleiri bekki sem má reykja við.
- Ekki gott að hafa reykingasvæði þar sem lítil börn eru á ferð.
- Fá landslagsarkitekt til að hanna lóðina og gera hana frá grunni
- Setja fleiri bílastæði, höfum áhyggjur af hvernig þetta verður með tilkomu World class
- Setja yfirbyggða hjólageymslu

Hvernig er fyrirmyndarskipulagið í Efra-Breiðholti?

- Við sjáum ekki alveg plássið
- Viljum ekki ganga á Elliðaárdalinn sem er friðaður
- Það væri voða sætt að hafa litla íbúðarkjarna með námsmannaíbúðum.
- Fjölga veitingastöðum, kaffihús,

- Gróðursetja meira
- Halda útitónleika við Gerðuberg

Lausnir við erfiðleikum í umferð til og frá skóal, hvernig gætu lausnir litið út?

- Stilla stundaskrána að einhverju leyti eftir almenningssamgöngum, láta kennslustundir ekki hefjast tveim mínútum eftir að strætó kemur
- Láta strætó ekki stoppa út á miðri götu eins og við Fellaskóla heldur fara inn í útskotið við hliðin
- a á.
- Aðgreina hrarðahindranir og gangbrautir betur, hvar eru gangbrautir og hvar hraðahindranir. Á að stoppa á hraðahindrun til að hleypa börnum yfir?
- Það er ekki lausn að setja gjaldskyldu á bílastæði nemenda. Nútímanemendur eru margir akandi. Ekkert brotthvarf til fortíðar hér.
- **Byggja gott bílastæðahús**
- Sýna meiri tillitssemi í umferðinni og passa að loka ekki fyrir umferð.
- Sameina kennarastæði og nemenda. Oft mörg laus stæði kennaramegin eftir hádegi. Mega kennarar leggja í nemendastæði.
- Setja hringtorg hjá Hraunbergi, oft erfitt að komast út og inn á skólalóðina

Eru aðstæður til hjólreiða góðar í Efra-Breiðholti? Væri hægt að bæta þær þá og hvernig?

- Frekar góðar aðstæður á sumrin.
- Passa að ryðja göngustíga og fylla upp í pollana.
- Setja sérstaka hjólastíga
- Setja hjólastæðishús við FB

Að lokum:

- Það þarf að gera eitthvað í mötuneytismálum, allt of salt, of dýrt, setja upp gosvél þar sem hægt er að fá sér sódavatn.
- Flottar buxur Maggi!
- Bráðnauðsynlegt að skipta út gulu borðunum (sérstkalega í stofu 36)

Valdís Harrysdóttir – LJO1S12 – Stofa 16

-Fjölga trjám fyrir framan skólann og í miðrými.
-Þrífa stéttir á skólalóðinni betur og ítreka bannið við reykingum.
-Byggja kofa fyrir kennslueldhús þar sem ekki virðist vera pláss fyrir það innan skólans.
-Fá aðstöðu fyrir útieldhús , grænmetisgarð og gróðurhús.
- Fleiri listaverk fyrir utan skólann.

-Okkur þykir byggðin nægilega þétt.
-Það má laga göngustíga.

Torfi Magnússon - ÍÞRF2SA03

Hvernig getum við nýtt skólalóðir FB betur?

Upphitað, þriggja hæða bílastæði, eða bílakjallara. Stækka bílastæði inn fyrir göngustíg.
Laga niðurföll á bílastæði. Bæta skipulag á bílastæði.
Reykskýli fyrir nemendur og kennara.
Bæta íþróttaaðstöðu, sérstaklega loftræstingu.

Framtíðin

Bæta gróðurinn á lóðinni. T.d. planta pálmatrjám og framandi plöntum. Fleiri tré og bekki fyrir utan skólann.
Betra súrefniskerfi innan skólans.

Hvernig má bæta og fegra umhverfi FB?

Stórt FB-tré á lóðina.

Skipulag í Efra Breiðholti

Umferðin
Strætóstoppistöðvar fyrir utan þrengingar, en ekki inni á þeim.
Aðgengi hjóla
Hita í gangstéttir og hjólabrautir
Annað
Setja upp tæki sem slekkur á símum innan skólans. Sleppa að þurfa að láta foreldra skrá veikindi eftir 18 ára aldur. Minnka heimanám. Fleiri fiska í vatninu í andyri. Neðanjarðarherbergi til að koma í veg fyrir hryðjuverkaárás.

Þorvaldur Friðriksson - ENS 2124

Spurning 1.
Gott væri að smíða pall með skjólveggjum þar sem unnt væri að setjast niður í góðu veðri. Tréiðnadeild gæti séð um það. Þar mætti líka vera hitari. Planta trjám sem víðast. Hafa aðstöðu fyrir útigrill. Betri aðstæður fyrir reykingafólk, t.d. stubbahús og afmarkað svæði utan skólalóðar. Fjarlægja alla kanta á bílastæðinu og gera þannig fleiri stæði. Hvetja nemendur og kennara til þess að vera samferða í skólann og fækka þannig bílum á stæðunum og draga úr bensínnotkun og mengun. Þannig mundi umferðarálag minnka. Skólinn ætti að hafa frumkvæði að því að búa til samferða app þar sem fólk gæti parað sig saman í bíla. Gæti tölvubrautin gert þetta?
Spurning 2
1. Moka snjóinn betur af götunum
2. Byggð er þegar mjög þétt og litlir möguleikar til að þétta hana.
3. Fleiri ruslatunnur í hverfinu.
4. Ef fyrirfinnast auð svæði í hverfinu finnst okkur rétt að byggja blokkir með litlum íbúðum sem mundu henta nemendum og ungum fjölskyldum í námi. Bæði eignar- og leiguhúsnæði, frekar leiguhúsnæði, t.d. á milli Valshóla og Spóahóla.

Spurning 3
Vantar að sé tekið tillit til strætóvandræða, þ.e.a.s. þegar strætó er á eftir áætlun fái nemendur ekki seint. Betra aðgengi að bílastæðum skólans þannig að ekki myndist umferðarteppur. Skýr skil á milli inn- og útkeyrslu. Mjög nauðsynlegt að salta og moka bílastæði og ekki síður göngustíga. Ítrekum hugmyndina um samferða í skólann úr spurningu 1. Alls ekki við hæfi að kennarar hafi sér bílastæði, hugsanlega skólameistarar, húsvörður og einhverjir fáeinir fleiri.
Spurning 4
Almennt séð eru hjólreiðastígar milli efra Breiðholts og annarra hverfa í fínu standi. Það sem þarf að bæta er að gera betri hjólastíga innan hverfisins, þ.e.a.s. meðfram akbrautum.

Gunnhildur Guðbjörnsdóttir – DANS2AA05

Blómagarður í miðjunni – mynda FB lógóið með blómum
Fleiri bílastæði alveg að körfuboltavellinum sirka 50 bílastæði, inngangur hjá glerganginum
Mála örvar á veginn sem vísa til smiðjunar svo fólk ruglist ekki
Gera örvar til að rata upp í Austurberg
Skipta gangstéttunum 50/50 í göngu- og hjólastétt
Hafa hringtorg þar sem Hraunberg , Austurberg og bílastæði FB mætast
Færri ljótar blokkir og fleiri tré og flottar skreytingar
Sér 2 reykingarsvæði utan skólalóðar með rusladöllum fyrir alla stubbanna og pakkanna
Hafa studio íbúðir sem nemendur FB sem búa langt í burtu geta leigt ódýrt
Aðrar tillögur:
Kozy herbergi með koddum og sófum (vel gert svo það verði ekki subbulegt)
Fleiri fræðsludaga og fleiri sófa
Stytta föstudaga

Guðrún Árdís Össurardóttir – FATS2SB05

Sjá fleiri bekki þar sem hægt er að sitja úti þegar það er gott veður. Mögulega borð líka þar sem hægt er að læra við.
Nýta miðrýmið líka þegar það er gott veður. Hafa aðstöðu þar sem hægt er að ganga í.
Frítt í sund á skólatíma, þannig hægt sé að skella sér í sund í eyðum. Með stafestingu á skólavist.
Koma með leikfimistæki
Mála bílastæðin betur og fylla í holurnar.
Vantar nýja hátalara í stofur.
Oft er erfitt að komast út af bílastæðinu, vantar mögulega hringtorg eða lítil ljós með skynjara. Eða fleirri útgönguleiðir.
Mögulega komast fleiri útgönguleiðir af bílastæðinu.
Lækka kaffiverð ef maður notar sama bollann
Skemmtilegri leikvelli fyrir börn á opnu grasbölunum.
Gosbrunn í úti í tóma plássið við aðalhurðina
Inní torginu í skólanum væri fínt að gróðursetja bergfléttu við veggin sem snír baki að suður átt og hinn á móti verður veggurinn bólstraður með speglum þannig að bergflétturnar myndu fá sólarljós og á móti myndi sjá náttúruna?
Hafa skjá til að sjá hverjir eru veikir uppi á annari hæð
SMS um veikindi kennara.
Meiri samþvætting milli deilda/brauta
það er ekki meira pláss fyrir fleirri byggingar. Frekar gera upp gömul hús og endurnýja.
Ekki þétta byggð, frekar halda sveitafílingnum í breiðholti.
Varðveita elliðárdalinn og náttuna.
Fleirri leikvelli fyrir börn og laga þá sem eru til staðar. Og halda þeim hreinum með nágranna átaki.
Setja hjólreiðastíga og fleirri hjólagrindur, með lásum.
Hjólagrindur hjá skólanum.

Úti:

- Mála bílastæði betur.—Lausn!
- Fjölga bílastæðum. –Lausn!
- Háþrýstiþvo hellurnar. –Hreinlæti.
- Auka við ruslafötur. ---Hreinlæti.
- Gera betri reykingaraðstöðu, þar sem grunnskólabörn ganga ekki í gegnum á hverjum einasta degi. --Það er ekki hægt að segja að allir nemendur eigi að hætta að reykja það er ekki jafn auðvelt og að segja það, svo að betri aðstaða þar sem börnin þurfa ekki að labba í gegn.--- Hreinlæti.
- Taka vel til í kringum skólann. Eins og t.d. í blómabeðunum. Væri mjög gaman að sjá falleg blóm og tré.---fegurð/hreinlæti.
- Hafa lítið umferðarljós við gatnamótin inn-útúr skólanum.—Lausn!
- Væri sniðugt að setja fleiri bekki sem hægt er að sitja á í góðu veðri og þess vegna nýta tímann og læra úti. –fegurð/ þægindi.
- Það er mjög erfitt að þétta byggðina í Breiðholti, þar sem mjög fá svæði eru ekki í notkun. Við viljum halda þessum fáu grænu blettum sem eftir eru til að börnin í Breiðholti geti leikið sér úti.—Svar,
- Erfitt er að nýta hjól á veturna, þar sem ílla er sandað/saltað/mokað. En margt væri hægt að gera til að gera fólki kleyft að hjóla allan ársins hring= laga göturnar, ekki bara sparsla í götin. Vegna þess að á veturna er mjög erfitt að sjá misfellingarnar í götunum.

Inni/skólastarf:

- Fá send sms fyrir klukkan 8:00 á morgnanna um það ef að kennari er veikur.
- Mætti lengja tíman sem við nemendur á textílbraut höfum aðgang að stofunni, s.s. til 22:00.
- Að textílbrautin fái sitt pláss til að borða hérna upp á 3.hæð. Einu nemendurnir sem nýta sér borðið sem er í boði hérna eru snyrtifræðinemendur sem lýta á mann með illum augum ef einhver situr við “þeirra” borð.
- Fólk sem er eldra en 20 ára á að geta skráð sig sjálft veikt= af hverju ættu eldri nemendur að þurfa að borga morðfjár til að fá læknisvottorð en yngri nemendur og þeir nemendur sem búa hjá foreldrum geti verið skráðir veikir í gegnum netið.

- Okkur á textílbraut verðum við að fara að fá betri og nýrri borð þar sem borðin eru óstapíluð og stórnir sem við erum með eru mjög óþægilegir og sú vinna sem við erum að gera, verður að leyfa okkur og geta sest niður og haldið áfram en það vilja mjög fáir sitja á þessum stólum vegna þess hve óþægilegir þeir eru.
- Aðstaðan okkar á textílbrautinni er ekki nógu góð, saumavélarnar eru farnar að bila, tölvuvagninn okkar er "ónýtur"= margar tölvur eru að syngja sitt allra síðasta.

Hjörvar Ingi Haraldsson – VFOR2PH05

Hvernig gætum við nýtt skólalóðir FB betur?
Setja bekki og vinnuaðstöðu/mataraðstöðu í miðvæðinu, tjald yfir ef veður er leiðinlegt og jafnvel hitara því við búum á Íslandi.
Myndir á veggi, taka burt reykinga svæðin eða færa þau, nýta mið svæðið láta kannski badminton, tennis, blak, Innstungu stöð, betrir tölvur og mýs, lyklaborð og fleira. Styttur á lóðina. Laga Gangstéttir ALLSTAÐAR!!!!
Hvernig er fyrirmyndaskipulagið í Efra-Breiðholti?
Frekar gera stærri byggingar.
Ef nemendur upplifa erfiðleika í umferðinni til og frá skóla, hvernig gætu lausnirnar litið út?
Reyna að fá fleiri til að hjóla og lengja stíga með hjólastígum, hafa sérinngang á bílastæðið og sérútgang
Eru aðstæður til hjólreiðar góðar í Efri-Breiðholti?
Ekki nógu góðar.
Sér göngustígur fyrir hjól.

Þórunn Elfa Bjarkadóttir – FÉLV1SF06

1. * Setja tré í staðinn fyrir runnana
* Nýta bílastæðin betur, ekki moka snjó yfir stæðin
* Færa reykingarsvæðið
* Nýta miðsvæðið betur, t.d. setja bekki til að „chilla", snyrta þar og gróðursetja tré, kifurvegg og grill
* Gera svakalega stúku við Leiknisvöll
* Vatnsrennibrautargarð/tívolí í Elliðarárdal
* „Huga moll" þar sem Fellaskóli stendur
* Skemmtihús hjá sundlauginni með sundlaug
* NÝTA PORTIÐ fyrir nemendur
* Rennibraut frá 3. hæð og niður
* Gera opið hugmyndabox fyrir frekari hugmyndir nemenda
* Fleiri blóm úti
* Fá skemmtilegri bjöllu
* Bæta má allt svæðið í kringum FB. Leiðin út í Iceland mjög hál og erfitt að detta ekki á hausinn
* Það að reykingafólk sé sett upp á gangstétt í veg fyrir leikskóla og grunnskólabörn er ekki heilsueflandi. Finna nýjan stað fyrir þá sem reykja.
* Hreinsa útisvæði – blóm í staðinn fyrir rusl
* Hafa Portið „miðju FB" aðgengilega nemendum. Ekki bara til að grilla einu sinni á ári.
* Hafa jurtir í blómareitunum
2. * Stórar byggingar með fleiri íbúðum. Slík byggð gæti hvergi komist fyrir nema utan Breiðholts
* Setja upp íbúðir fyrir nemendur á auðu svæði
*Ekki þörf að þétta byggð– kæmi niður á grænum svæðum og tæki leiksvæði frá börnum (sem við viljum ekki)
* Hvítar jólaseríur eftir öllum götum
* Pálmatré inn á milli hinna trjánna
* Stökkpallur á hólinn við Æsufell
* Vínbúð þar sem Leifasjoppa stendur
* Hallir/lítil hú í stað blokka
*Paintball völlur í Hólana

3. * Okkur þykir þetta fínt svona
* Moka bílastæðið betur
* Fækka strætóbiðstöðum sem staðsettar er í þrengingunum. Fækka þrengingum.
* Fækka vegaþrengingum
* Bílastæðahús
* Harðari reglur gagnvart bílastæðum
* Fleiri ruslatunnur
* Færa reykingasvæði vegna þess að grunnskólakrakkar labba framhjá
* Hita bílastæði
* Almenn vitunarvaking þar sem fólki er brýnt að leggja vel í stæði, leggja af stað tímanlega og bera virðingu fyrir gangandi vegfarendum.
* Strætóstoppin eru ekki á góðum stað, tefja alla umferð
* Laga göngustíga
4. * Aðstæður eru ágætar. Fínt væri að passa upp á að snjóskaflar hindri ekki veginn
* Setja fleiri hjólagrindur (kom fram hjá mörgum hópum)
* Hjólaskýli
* Bæta við hjólareiðastíg inn í hverfið
5. Aðrar hugmyndir sem tengjast ekki beint
* Hugmynd kom upp í einum hóp um barnapössun og hundapössun
* Mikið rætt um að heilsueflandi skóli eigi að vera með heilsueflandi mötuneyti, mikið af grænmetisætum í skólanum en ekki nægilega fjölbreyttur valkostur fyrir þá sem vilja borða hollt.
* Ef skólinn vill efla umhverfisvitund nemenda er skrítið að við flokkum ekki plast sem er stærsti mengunarvaldur í heimi

Gréta S. Guðjónsdóttir – MYL2224

Ef þétta ætti byggð, ætti að byggja stórar byggingar eða litlar, t.d. íbúðarkjarna lítilla smáhýsa? Hvar gæti slík byggð verið í Breiðholti?
Svar: Okkur finnst Breiðholtið nógu þétt nú þegar og ef það þéttist meira munu skapast vandamál.
Ef nemendur upplifa erfiðleika í umferðinni til og frá skóla, hvernig gætu lausnirnar litið út?
Svar: Sárlega vantar niðurfall á bílastæði FB.

- Erfið umferð á bílastæði FB og oft ekki hægt að mæta bíl
- Erfitt að komast inn og út af bílaplani FB vegna þrengsla og mikillar umferðar.
- Bílastæðaverðir mættu koma oftar.
- Bílastæðavandamál FB, sundlaugar og í framtíðinni World Class. Það þyrfti eitthvað að reyna að laga það. Best væri auðvitað ef Reykjavík myndi bæta samgöngur til muna.
- Laga holur á bílastæði FB.

Eru aðstæður til hjólreiða góðar í efra-Breiðholti? Væri hægt að bæta þær og þá hvernig?
Svar: Bæta tengingu milli Fellaskóla, Hólabrekkuskóla, FB og Elliðarárdal þ.e.a.s. hjólastíg með meiri lýsingu sem er betur aðgreindur frá göngufólki og umferð. Einnig mætti auka hjólagrindur eða hjólaskýli/geymslur á alla helstu staði t.d. skóla.
Hvernig getum við nýtt skólalóðir FB betur? Hvernig ættu lóðirnar að líta út eftir t.d. 25 ár? Hvernig má bæta og fegra umhverfi FB?
Svar: Svæði körfubolta völlur:

- Hengirúm
- Fleirri bekkir
- Háar rólur / dekkjaróla
- Hitalagnir
- Hjólabrettagarður
- Gróðurhús sem nemendur hafa aðgengi að

Svæði miðjurímið – portið:

- Meira aðgengi

Annað:

- Fiskarnir færðir á annann stað þar sem er ekki svo breitilegt hitastig
- Sófarími

Eftir 25 ár:

- Fleiri bílastæði
- Rafmagnsbílastæði fyrir rafmagnsbíla
- Fleiri listaverk í kringum skólann helst eftir nemendur skólans
- SAMKEPPNI Á HVERJU ÁRI UM HÖNNUN VERKS FYRIR UTAN SKÓLANN
- Fá einhvern til að mála stórt verk á ytri veggi skólans (helst nemanda)
- Gróðurhús
- Flokka allt sem er lífrænt

Smiðjan:

- Gera upp kaffistofuna
- Fleirri plöntur
- Húsköttur
- Fjarlægja grindverkið
- Bæta graslóð
- Gera veröndina flottari
- Mála grindverkið
- Gera þetta skemmtilegra
- Gróðurhús

Nína Björg Sigurðardóttir – LSM1024

#Erfiðleikar í umferðinni: Athuga með gatnarmótin til að fara inn á aðal bílastæðið (hjá sundlauginni og fb) þar sem það skapast oft ringulreið þar og mikil bið vegna þess að fólk áttar sig ekki hvar rétturinn liggur. T.d hringtorg ?

#Hvernig má bæta og fegra umhverfið: Hafa sér reykingarsvæði, a.m.k til að halda reykingarfólki burt frá gönguleiðum grunnskólakrakka þar sem næsta svæði við skólann er grunnskóli.

#Aðstæður til hjólreiða í Efra-Breiðholti : Afmarka hjólastíga á göngustígunum til að koma í veg fyrir slys.

#Fyrirmyndarskipulag í Efra-Breiðholti: Það vantar litlar íbúðir svo nemendur geta sótt skólann sem eru utan að landi t.d. Hægt að nýta svæðið sem er bakvið hraunbergsjoppu, rétt hjá gerðubergsbókasafni og ellismella íbúðunum. Hálf autt svæði þar.

1. Opna fyrir nemendur inn í gatið sem er á milli gömlu og nýju byggingana, hægt að nýta það í til dæmis frímínótur eða ýmsa hittinga. Gera fallegra umhverfið þar eins og með trjám eða gosbrunn ☺
   Má vera betra fyrirkomulag þegar verið er að koma inn á bílastæði skólans. Setja hringtorg þar.
   Laga holræsi á bílastæði, alltaf risa pollur sem myndast!
   Lóð má bæta með körfubolta eða fótboltavelli. Hægt að opna frá matsal, hægt þá að nýta það fyrir félagslífið einnig.
2. Lítið hægt að byggja við efra Breiðholt. En ef ætti að bæta við þá frekar íbúðakjarna lítilla smáhýsa.
3. Má vera betra fyrirkomulag þegar verið er að koma inn á bílastæði skólans. Setja hringtorg þar.
   Skoða strætókerfi frá norðlingaholti og mosó
4. Góðar hjólaleiðir um elliðaárdalin

Jakob Þór Pétursson – ÍÞRÓ1GH02

-flottara strætó skýli
-korfuboltavöllur aftan við skóla
-stækka bílastæði framan við skóla

-reykingarskýli
-hita í bílastæði
-bæta við hjólarakka
-hólabrekku skóli fær eigin íþróttasal
-laga götur umhverfis skóla

Baldvin Björgvinsson – RAL3036

1. Bílastæði verði bara fyrir FB nema. Loka því með sjálfvirku hliði.
2. Rafmagnsbílastæði.
3. Fjarlægja mjókkanir á götum í hverfinu.
4. Það vantar nýjar tölvur í rafiðnadeildina.
5. Það þarf að taka strangar á reykingum fyrir utan skólann. Það er reykt rétt utan við innganginn.
6. Stærri ruslatunnur. Þessar nýju eru það asnalegasta sem til er. Það er of erfitt að kasta ofan í þær og hvað á að gera við pizzukassa?
7. Setja upp styttu af Gylfa Sig í adamsklæðum í gosbrunni. Í miðjunni milli húsanna.
8. Vantar klukkur í stofur og matsalinn.
9. Setja þægilegri hringingu í staðinn fyrir skólabjöllurnar sem eru núna. Eitthvað þægilegt ding dong eða eitthvað svoleiðis. Sitt hvor hringingin inn og út.

RAL303 hópurinn.

Hugrún Þorsteinsdóttir – TEH1036

1. Hvar er skólalóðin á FB?? Ókskýr mörk
2. Byggja stórt húsnæði á bílastæði skólans sem að sameinar marga notkun.
Skólabygging, bílakjallari undir, íbúðir fyrir námsmenn 30 m2. Húsamíðanemendur gætu unnið í byggingunni sem hluta af starfsnámi. Byggingin yrði sjálbær bygging, vistvæn efni, vistvæn orka osfrv.
3. MJÖG BRÝNT; það vantar skápa fyrir nemendur í smiðju fyrir föt nemenda og græjur
4. Fjarlægð smiðju frá aðalhúsi er bæði kostur og galli. Gallin er félagsleg einangrun frá öðrum nemendum skólans. Kostur er góð stemning innan smiðjunnar.
5. Stækka mætti útisvæði í smiðjunni
6. Setja undirgöng við Hólabrekkuskóla þannig að nemendur komist með góðu móti í skólann og léttir á umferðahnút að skólanum á morgnanna.
7. Reykingar. if you can't beat them join them!! Brýnt að hafa reykingafólk ekki sýnilegt fyrir yngri nemendum á leikvöllum og kringum sundlaug. Skaffa aðstöðu / létta yfirbyggingu /. Einnig væri upplagt að að nýta rjóður í trjágróðri við skólans sem væri einskonar skjól.
8. Ef að þétta ætti byggð mætti hugsa sér svæðið við hesthús ofarlega í Elliðarvogi.

kær kveðja, nemendur af húsamíðadeild.

Sigrún Gísladóttir – HJÚK1AG05

SPURNING 1
NÝTA LISTSVIÐIÐ BETUR SKREYTA MEÐ LISTAVERKUM FRÁ ÞEIM I OPINBERU RÝMI. BÆTA VID SIGRÆNUM GRÓÐRI OG BLÓMUM. MIKILVÆGT AÐ HAFA EITTHVAÐ SEM GLEÐUR AUGAÐ ÞEGAR KOMIÐ ER I SKÓLANN. VANTAR BEKKI ÚTI TIL AD NOTA Á GÓÐVIÐRISDÖGUM.
SPURNING 2
ÞÉTT HÉR I EFRABREIÐHOLTI NEMA VIÐ SMIÐJUNA . BYGGJA STÚDENTAÍBÚÐIR ÞAR . EKKI OF HÁAR BLOKKIR VÆRU ÍBÚÐIR ÞAR VÆRI MINNI ÞÖRF FYRIR BÍLASTÆÐI HÆGT AÐ LABBA I SKÓLANN.
SPURNING 3
GÓÐAR STRÆTÓSAMGÖNGUR . ÞRÖNG AÐKEYRSLA INN Á BÍLASTÆÐIÐ BARA HÆGT AÐ KOMAST Á EINUM STAÐ INN VÆRI BETRA AÐ HAFA FLEIRI INNKEYRSLUR. ILLA MOKAÐ BÍLASTÆÐIÐ .
SPURNING 4

MJÖG GÓÐIR HJÓLASTIGAR MÆTTU VERA FLEIRI HJÓLASTANDAR VIÐ SKÓLANN

Anna Jóna Guðmundsdóttir -

1. Endurskipuleggja bílastæði, of þröngt á mili bílastæða. Byggja niðurgrafið bílastæða hús, nokkurra hæða (eins og í Hörpunni). Laga ræsið hjá sundlauginni og salta og skafa. Skafa á þann hátt að fækki ekki bílastæðum.
Opna miðjugarðinn þannig að það væri hægt að læra þar, hafa borð og stóla og setja glerskýli yfir helminginn svo það sé hægt að vera þar á veturna.
2. Skemmtilegra að hafa littlar byggingar frekar sen stórar, vegna þess að það er lítið pláss þá er kannski betra að laga þær sem eru nú þegar til staðar.
Byggja nemendagarða svipað og er til fyrir háskólanema eða kaupa stóra blokk.
Mikilvægt að hafa ódýrt húsnæði til boða fyrir nemendur. Skoða hvað norðurlönd eru að gera varðandi styrki, matarstyrki, námsstyrki, húsnæði og fyrir nemendur með börn. Fræða nemendur um hvaða styrkir eru í boði.
3. Hafa kassalaga hraðahindranir í stað þrenginga, vegna þess að þrengingar mynda biðraðir. Kostur við kassalaga hindranir er að strætó getur keyrt yfir þær. Laga þær hraðahindranir sem eru til staðar. Til dæmis komnar holur við hraðahindranir við Hólabrekkuskóla. Malbika og laga vegi.
4. Laga göngustíga, allir fullir af holum. Mjög slæmt að snjó sé mokað upp á gangstéttir, eldra fólk getur ekki nýtt stéttirnar og þarf að ganga á götunni. Sanda og salta göngustíga. Ekki hafa stórar snjóhrúgur hjá Fellaskóla, kemur í veg fyrir að börnin sjáist og að börnin sjái bílaumferð.
ANNAÐ
Vottorð gilda ekki fyrir einn tíma, nemendur fara til tannlæknis eða fara veikir heim. Væri gott ef vottorð gæti gilt fyrir einn tíma en það þyrfti ekki að vera heill dagur.
Gott væri ef nemendur gætu sjálfir skráð sig á Innuna eftir að þeir eru orðnir sjálfráða.

Guðlaug Gísladóttir – ÍSL3036

Hvernig gætum við nýtt skólalóðir FB betur? Hvernig ættu lóðirnar að líta út eftir t.d. 25 ár? Hvernig má bæta og fegra umhverfi FB?
-Draga bíla/sekta bíla sem er illa lagt
-Gróðurseta falleg blóm eða runna í pottinn/laugina fyrir utan nemendainnganginn – jafnvel sem nemendur sjá um
-Setja gler yfir miðsvæðið og þar væri hægt að læra/þar væri þögn þannig að enginn mætti trufla aðra
-Hjólageymsla
-Hundapössun – hundarnir leika sér saman á meðan nemendur eru í tíma (kennari í st 38 er ekki sammála ;-)
-Fleiri tré og fleiri listaverk.
-Graffa skólann/gera hann fallegri að utan
-Skólinn verður á sínum stað, verður virtasti skóli á landinu af því að hér verður umhverfisstefna ríkjandi, allir á hjólum.....
Hvernig er fyrirmyndarskipulagið í Efra-Breiðholti? Ef þétta ætti byggð, ætti að byggja stórar byggingar eða litlar, t.d. íbúðakjarna lítilla smáhýsa (30 til 50 m2)? Hvar gæti slík byggð verið í Breiðholti?
-Okkur finnst lítið pláss í Breiðholti og lítið hægt að byggja til viðbótar
-Frekar lægri hús og íbúðakjarnar
-Við viljum halda í grænu svæðin í Breiðholti og frekar efla þau – ekki byggja endalaust
Ef nemendur upplifa erfiðleika í umferðinni til og frá skóla, hvernig gætu lausnirnar litið út?
-Ýta undir almenningssamgöngur – frítt í strætó f nemendur til og frá skóla
-Ýta undir hjólreiðar – vera t.d. með íþróttaáfanga þar sem nemendur fengju einingu fyrir að hjóla/ganga í skólann – nemendur sammála um að þetta sé flott hugmynd
Eru aðstæður til hjólreiða góðar í Efra-Breiðholti? Væri hægt að bæta þær og þá hvernig?
-bæta hjólreiðastíga og fjölga þeim
-Ýta undir hjólreiðar – vera t.d. með íþróttaáfanga þar sem nemendur fengju einingu fyrir að hjóla/ganga í skólann – nemendur sammála um að þetta sé flott hugmynd

Bjarni Antonsson – FORR2MY05

1. Grill.
2. Burt með klakann
3. Heitapott
4. Nudd áfánga til þess að kenna okkur að nudda hvort annað (og fá fullt af nuddi)
5. Betri strætóleiðir (t.d.m. að 28 stoppi í breiðholtinu)
6. Trampolín inní þessu mið-úti-rými
7. Steik í matinn einusinni í mánuði (elduð á nýja grillinu)
8. Sumar stóla í mið-úti-rýminu (enn frekar trampolín)
9. Kall sem blastar eye of the tiger við hlið þér þegar þú ert að hlaupa
10. Hoppu kastalar út um allt!
11. Taka allar þrengingar í burtu í kringum FB, setja flottar MÚRAÐAR hraðahindranir í lit í stað þrenginganar. Styttu á Gylfa Sig í portið.
12. Breyta bílastæðunum, mála línurnar aftur.
13. Að leyfa ÖLLUM nemendum FB að fara í World Class, ekki bara þeim sem eru á íþróttabraut eða í íþróttaáfanga.
14. Við viljum líka setja bakarí og nemendur vinna í afgreiðslu fyrir einingar. Við viljum einnig hafa bakaríið fyrir utan inngangin hjá matsalnum

Gunnar M. Gunnarsson – ENS5036

Það þarf að bæta bílastæði og búa til bílastæðahús, helst neðanjarðar. Einnig þarf að bæta innkeyrslu inná bílastæðin. Þar myndast alltaf stífla á morgnana sem væri hægt að leysa með því að setja hringtorg.
Stytta af Gylfa Sigurðsyni
Það væri hægt að nota miðsvæði skólans þar sem er ónotuð lóð undir reiðhjól svo fólk þurfi ekki að hafa áhyggjur af þjófum. Einnig væri hægt að setja einhverskonar þak yfir miðjusvæðið svo það væri hægt að nota það sem stað til að slaka á, læra og jafnvel vera með poolborð og borðtennis borð til afnota þar.

Það væri mjög sniðugt að byggja íbúðir fyrir fólk sem er í FB. Þá finnst okkur vera sniðugast og snyrtilegra að hafa íbúðirnar sem parhús, allavega ekki hærri en 3 hæðir og hafa þær nokkrar og einfaldar. Það ekkert rosalegt pláss í Breiðholtinu en það er samt gamall völlur við hliðina á leikskólanum í Suðurhólum. Svo er hægt að fara aðeins lengra og skoða svæðið hjá Rjúpnahæð.

Fá listamenn sem vilja koma sér á framfæri og væru til í að sýna sína hæfileika í að skreyta húsveggi og annað í stað þess að borga morðfjár fyrir myndirnar sem eru nú þegar komnar.

- Bílastæðahús eða bæta bílastæðið, laga holur
- Bekki í garðinn til að borða við og til að nýta við kennslu í góðu veðri
- Koma með Láka aftur
- Mætti byggja margar litlar byggingar í kassa og garð í miðjunni (hafa íbúð upp og niðri)
- Fleiri sófa
- Sjoppan er ALLT of dýr, we are broke
- Teikna listaverk á skólann
- Hafa tónlist í matsalnum (lága), gera spotify playlista sem nemendur geta bætt inn á
- Hafa rennibraut frá 3. hæð niður á 1. hæð
- Fá matarbíla ca einu sinni í viku á bílaplanið (subway, prikbíllinn, vöffluvagninn og hvað sem er).
  - Fyrirtæki græða helling á því þannig að þau myndu pottþétt vilja koma.
  - Ekki sjoppan sem selur úr bílunum heldur fyrirtækin sjálf (viljum upprunalegt verð)
- Hafa girðingu meðfram bílaplaninu svo krakkarnir séu ekki á bílaplönunum
- Hafa myndavélar á öllum staurum svo hægt sé að sjá ef bílar eru skemmdir

- Ekki fleiri stórar blokkir í kring, frekar að hafa lítil fjölbýli með litlum íbúðum
- Hafa bílastæði sérmerkt kennurum svo ekki fari á milli mála í hvaða stæði megi leggja
- Hafa fleiri böll
- Geta skráð rósir á nemendur á Valentínusardaginn og gefa óvænt
  - og candy cane fyrir jólin
- Hafa styttri kennslu á föstudögum
- Mála skólann í litríkari litum sem lífga upp á hann
  - Láta nemendur á listabraut sjá um það
- Sjoppan: Mega bjóða upp á meiri hollustu, t.d. spelt brauð í staðinn fyrir hvítt brauð

Sigurður Þórarinsson – LHÚ1048

- Það mætti byggja skýli sem yfirbyggingu yfir timburhúsa áfangan til að halda þurru.
- Okkar skoðun, þeirra sem eru búinn með þann áfanga og komnir langt í náminu er sú að það sé ekki góður undirbúningur fyrir það sem koma skal að smíða heilu húsin innandyra.
- Við erum á þeirra skoðun að það megi bæta við afþreyingarherbergi í smiðjunni.
- Við leggjum til að smiðjan erði opnuð fyrr, á sama tíma og skólinn!.
- Frjáls mæting fyrir nemendur á lokaönn, láta nemendur taka ábyrgð á sínu námi.

Halldís Ármannsdóttir – ÍSL2124

Skólalóðin.

Frekar tré en blóm. Fleiri hjólreiðastanda. Hjólaskýli. Hreinsa upp tyggjóslettur. Stækka bílastæðið. Gera við það. Ganga frá lóðinni við smiðjuna. Nota innigarðinn og gera hann upp. Jafnvel að setja glerþak á hann. Setja bekki í innigarðinn. Að breyta körfuboltalóðinni í bílastæði.
Sjálfsali við smiðjuna. S.s. þar sem má kaupa mat og drykk. Fleiri sófa í skólann.
Fá nýtt grill og örbylgjuofna í mötuneytið og blandara.

Skipulag í Breiðholti

Nemendaíbúðir. Í blokkum. 60 fm. Skipulagt svipað og stúdentagarðar. Í Efra-Breiðholti – í göngufæri við skólann. Sumir vilja ekki bæta neinu við – of lítið pláss.
Hafa meiri þjónustu í hverfinu og opið lengur á kvöldin t.d. matsölustaði og kaffihús.

Umferð til og frá skóla

Góðir göngu- og hjólastígar.
Verra með bílaumferð. Austurbergið of þröngt – erfitt að komast inn á skólalóðina. Mætti bæta það.
Betri strætóferðir. Ódýrara í strætó.

Hjólreiðar

Mættu vera betri milli hverfa.
Ryðja oftar og sanda hjólastíga. Mætti vera möl meðfram göngustígum.
Vantar bíla- og hjólapumpur.
Borgarhjól.

Karen Júlía Júlíusdóttir – HBFR1HH05

<u>1. Nýting skólalóða, hvernig má bæta og fegra umhverfi FB</u>

Svar: Stækka bílaplanið vegna World class, lífga upp á skólalóðina.
Gróðursetja tré og blóm
Upphitaða stétt fyrir framan skólann.
Aðstæður til að læra úti þegar gott er veður, setja bekki og borð.
Myndavélar á bílastæði, þar sem skemmdir hafa orðið á bílum og ekið í burtu.
Bæta reykingasvæðið því mikið er af grunnskólabörnum sem sjá til.
Bekki inn í miðgarðinn og fyrir utan skólann. Fleiri ruslatunnur úti.

Fallegar ljósaseríur í miðgarð og fyrir utan skólann í skammdeginu, strax og byrjar að skyggja. Setja jólatré í miðgarð úti og skreyta.

2. Fyrirmyndarskipulag í Efra Breiðholti:

Fá skólablokk fyrir nemendur sem búa útá landi eða þurfa leigja. Litlar blokkir með lítlum íbúðum einsog stúdentaíbúðir.
Vilja þétta byggð, fá flott kaffihús, „fancy kaffi", Einsog er úti í Háskólatorgi, samverustaður
Hólagarður þarf andlitslyftingu.
Fleiri verslanamiðstöðvar.
Ungmennahús fyrir aldurinn 18 – 25.
Smiðja þar sem hægt er að skapa, tónlist, myndlist, dans...

3. Erfiðleikar umferðinni

Stytta skólatíma til 16.00 á daginn svo létti á umferð. Skólatími er of langur til kl. 17.00
Strætó stoppi ekki og blokkeri umferð einsog við Fellaskóla. Gatnamótin við skólann eru mjög erfið, óskýr, vantar skilti, allir hikandi, slysagildra og óreiða í umferðinni.

4. Hjólreiðar

Vatnar hjólastíga í kringum skólann, mála línur göngu og hjólreiðalínur. Gera fleiri stíga, vantar stíga. Sumir stígar enda á einkennilegum stöðum, einsog eigi eftir að klára þá.
Vantar fleiri hjólagrindur fyrir utan skólann. Vantar einnig fyrir utan verslanir.

Jóhanna Geirsdóttir – UPPT1UB05

1. Með því að rækta meira í kringum skólann og bara yfir höfuð. Við gætum bætt við gosbrunn á skólalóðina. Við gætum gert bíla plan sem er í fleiri en aðeins einni hæð t.d eins og í Smáralindinni/Kringlunni.
2. Við ættum að búa til svona sér hjólreiða gang meðfram gangstéttunum svona eins og í danmörku. Þá gætum við kannski líka komið okkur í betra form og fólk hætta að kalla okkur feitustu þjóð í heimi.
3. Að skólinn/skólar gætu sameinast um að gera strætókort fyrir námsmenn ódýrari.
4. Hjólreiðar svarað í spurningu 2

1. Bæta við bílastæðum
2. Ekki stækka Breiðholtið það er lítið pláss í Breiðholtinu
3. Við erum ekki komin með bílpróf
4. Yeah its very good

1) Skólalóð. Hvað með að hafa einn vegg (til dæmis hjá smiðjunni) þar sem þið hefðuð leyfilegt veggjakrot. Það væri einn af fáum stöðum á landinu þar sem það væri leyft. Ekki nóg með það að það komi í veg fyrir ólöglegt veggjakrot, heldur er það ótrúlegt tækifæri fyrir ungt fólk sem hefur áhuga á veggjalistum hérna í Breiðholtinu að hafa stað til að mála án þess að brjóta lög og lenda í klandri. Veggjakrot er mjög vinsælt í Breiðholtinu og víða, svo að hafa svona vegg mundi fegra breiðholti mikið.
   Það er einnig góð hugmynd að koma með einhvað skýli fyrir reikingafólkið, svo þau séu ekki að reykja á göngustígi þar sem grunnskólabörn eru látin ganga.
2) Fyrirmyndaskipulag Við höfum engar miklar skoðanir á þessu máli. Bara það að við viljum halda breiðholtinu eins og það er að mestu lagi.
   Það vantar ruslatunnur í sumum hverfum innan um breiðholtið svo sem í háberginu.
3) Ummferðavandamál Við höfum ekki bílpróf og eigum ekki bíl og viljum ekki að það sé eyðilagt náttúruna fyrir bílastæði.
4) Hjólaleiðir eru virkilega góðar hérna í breiðholtinu.

1. School facilities must only be used for activities which are consistent with the value of Public Education and the school´s purpose goals.
Minimum should provide a physical environment that is comfortable, safe, secure, accesible, well illuminated, well ventilated, and pleasing.
2.
3. The solution might look crazy because if people are late for the class they will drive the car to fast and that might cause accident.

4. No, because there is not enough space for cycling.
   By creating enough space for cycling.

Gunnar Páll Jóakimsson – STÆR2RM05

1. **Hvernig getum við nýtt skólalóðir FB betur? Hvernig ættu lóðirnar að líta út eftir 25 ár. Hvernig má bæta og fega umhverfi FB?**
   Vantar meiri gróðu, planta fleiri trjám. Ávaxtatré til að fá ódýrari ávexti fyrir nemendur. Fleiri listaverk. Bílastæðið hörmulegt. Sérstaklega slæmt á veturna (stöðuvatn og klaki). Opinn yfirbyggður gerfigrasvöllur fyrir nemendur.

   Bæta þarf bílastæðin

- t.d búa til aðra hæð ofan á bílastæðin.
- Ef að það kemur hlið og það mun kosta að leggja í bílastæðin þá gefa nemendum, aðgangskort eða afslátt að leggja. Því við erum fátækir námsmenn.

   Skólalóð

- Finna einhvað útúr gryfjunni fyrir framan nýja inngangin, nýta það á einhvern hátt. T.d fylla það af vatni, hafa ljós í vatninu, setja fallegan gosbrunn, listabraut gæti hannað í samstarfi við rafiðnaðarbraut og smíðabraut.
- Setja bekki sem hægt er að læra við á miðsvæðið. Svona eins og pikknikk borð. Auglýsa að það má fara þarna út, því það vita það fáir.
- Framkvæma miðsvæðið þannig að hægt sé að vera þar allt árið. T.d setja þak yfir opið sem væri þá eins gróðurhús yfir svæðið. Þá geta nemendur notið þess þæginda að sitja þar og borða, spjalla saman eða læra.

2. **Hvernig er fyrirmyndarskipulagið í Efra-Breiðholti? Ef þétta ætti byggð, ætti að byggja stórar byggingar eða litlar? Hvar gæti slík byggð verði í Breiðholti?**
   Illa skipulagt, flókið. Ekki meiri byggð. Byggja bæði stórar og litlar byggingar. Byggja milli Vesturbergs og Sundlaugar. Okkur finnst byggðin í efra Breiðholti frekar þétt og sjáum ekki fyrir okkur hvar myndi koma fleiri hús. Gæti verið pláss í neðra Breiðhollti
3. **Ef nemendur upplifa erfiðleika í umferðinni til og frá skóla, hvernig gætu lausnirnar litið út?**
   Stækka innkeyrsluna, mikil umferð. Betra að vera ekki á sama tíma og grunnskólinn. Skafa og salta betur göngustíga. Bæta innkeyrslu, stíflast alveg á annatímum.

   Umferð

- Þrengingin við Lóuhóla er algjör óþörf og eykur umferðateppu
- Gatnamót við innkeyrslu skólans og sundlaugar, setja beygjuljós því allir eru að drífa sig og hægri réttur gleymist oft og fólk er ekki að fylgja honum. Hentugt væri að setja einhvers konar ljós til að stýra umferðinni.
- Undigöng, framkvæma undirgöng rétt hjá gunnskólunum. Þá þurfa börnin ekki að fara yfir götu og umferðin gengur hraðar fyrir sig.

4. **Eru aðstæður til hjólreiða góðar í Efra-Breiðholti? Tillögur.**
   Merkja hjólreiðastíga. Það er gott að hjóla í Breiðholti. Höfum ekki reynslu á að hjóla í skólan getum ekki sagt til um hljólreiða stíga eða göngustíga.Bæta við hjólreiðastígum.

Víðir Stefánsson – TNT4036

Hlið á bílastæði, hlið opið á morgnana, nemendur fái kort.
Bílastæðahús er líka lausn.
Bæta þarf innkeyrslur að bílastæðum, núverandi er of þröngar.
Bílastæði í reykingarlund.
Byggja skýli undir reykingar „Þetta er jú líka manneskjur“.
Lóð Hólabrekkuskóla er of stór, taka má hluta af henni undir bílastæði.
Umferðaþrengingar til og frá skóla burt.
Göng undir akveg við Hólbrekkuskóla.
Ljós við gangbrautir, ekki umferðaljós
Breikka göngustíga til að skapa pláss fyrir hjólreiðafólk.

Stefán B. Sigtryggsson – RAFL 1GA03

Hvernig gætum við nýtt skólalóðir FB betur? Hvernig ættu lóðirnar að líta út eftir t.d. 25 ár? Hvernig má bæta og fegra umhverfi FB?

Það er ekki hægt að nýta þær mikið betur en þær eru nuþegar að það ætti að sjá um þær betur, setja fullt af blómum sem heita gleymmérei því þau eru falleg, svo falleg, endurgera málbikið og kannski bæta magn af trjám og gera úti íþróttar völl, sem myndi hafa alls konar stangir til þess að gera gert mismunandi æfingar. Það er lika einn möguleiki að selja lóðinna og kaupa nýjar tölvur handa öllum skólanum.

Hvernig er fyrirmyndarskipulagið í Efra-Breiðholti? Ef þétta ætti vera byggð, ætti að byggja stórar byggingar eða litlar, t.d. íbúakjarna lítilla smáhýsa (30 til 50 m^2)? Hvar gæti slík byggð verið í Breiðholti?

Fyrirmyndarskipulagið er sæmilegt en ekki fullkomið en það dugar. Það væri sniðugt að hafa fleiri smáhýsi sem talað er um í spurningunni í staðinn fyrir stórar byggingar. Við gætum lika byggt gámaíbúðir.

Ef nemendur upplifa erfiðleika í umferðinni til og frá skóla, hvernig gætu lausnirnar litið út?

Nemendur gætu hjólað eða tekið strætó í skóla. Varðandi uppsetningu hliðs við bílastæði, hvernig á að leysa það þegar hundruðir nemenda koma allir í skólann á sama tíma og stífla alla umferð? Ekki vitum við hvað stendur til að setja upp mörg hlið en við teljum að það þurfi að setja upp fjögur hlið, tvö fyrir innkeyrslu og tvö fyrir útkeyrslu og dreifa þeim á mismunandi staði við planið til að dreifa álaginu.

Sjá mynd hér að neðan:

----------Gerðuberg----------

----------(INN)----(ÚT)----------(INN)----(ÚT)----------

----------Bílaplan----------

Varðandi gjöld fyrir bílastæði þykir okkur mjög flott hvernig þessu er háttað í Fjölbraut Ármúla. Hér er gjaldskráin hjá þeim:

Aðgangskort (veitir aðgang að skólanum, bílastæðum og líkamsrækt)	6.500 kr (kr. 1500- skilagjald innifalið)

4. Eru aðstæður til hjólreiða góðar í Eftra-Breiðholti? Væri hægt að bæta þær og þá hvernig?

Æskilegt væri að fá fleiri hjólagrindur fyrir framan skólann þar sem hægt væri að læsa hjólum.

Guðmundur Torfason – TIH10A

- 2 nýjar skemmur. Eins og þið vitið er lóðin hérna á smiðjunni ekki næginlega vel nýtt. Með því að reisa 2 nýjar skemmur væri hægt að bregðast við auknum áhuga á húsasmíðabraut auk þess sem nemendur á rafvirkjabraut og listabraut myndu fá almennilegt húsnæði fyrir sig.
- Læstir skápar niðri í smiðju. Við í timburhúsa áfanganum finnst vanta örugga staðsetningu þar sem við getum skilið eftir hluti sem við eigum á meðan námi stendur. Auk þess væri hægt að nota þessa skápa til þess að geyma vinnufötin okkar og verkfæri þegar við erum ekki að nota þau, þessir hlutir eru upp á fleiri þúsundir!
- Búningsklefar hugsuð fyrir timburhús. Þegar vont er í veðri klæðum við okkur oftar en ekki í föðurland eða eitthvað í þá áttina svo okkur verði ekki kalt. Okkur finnst að við eigum rétt á því að hafa stað þar sem við getum skipt um föt þegar tímanum er lokið. Okkur finnst við ekki taka jafn vel á móti efni sem Íslensku, Ensku eða Stærðfræðikennarinn er að segja okkur þegar við erum klæddir svona vel innan dyra.
- Nýja spilastokka í kaffistofu. Okkur vantar betri afþreyingu í kaffistofuna okkar.
- Fleiri hnífapör og diska í kaffistofu. Okkur finnst vanta hnífapör og diska í kaffistofuna til okkar, þetta myndi hvetja nemendur enn frekar að koma með nesti í skólan í stað þess að kaupa hamborgara í hverju hádegishléi.
- SENSIO kaffi könnu í mötuneyti skólans. Kaffið í mötuneytinu er allt of dýrt!
- Fleiri bílastæði og hjólaskýli fyrir utan smiðjunna. Það er bókstaflega engin aðstæða fyrir hjól í smiðjunni og bílum er oftar en ekki lagt ólöglega, þetta er eitthvað sem okkur finnst nauðsynlegt að laga.

- Okkur finnst húsvörður FB eigi að koma við hérna í smiðju á morgnanna og opna þetta húsnæði líka, það hefur gerst oftar en einu sinni að nemendur sitji hér fyrir utan smiðju og bíða eftir að kennarar opni húsnæðið.
- Almennilegan sjúkrakassa og hjartastuðtæki í smiðjuna. Hér eru nemendur að vinna við hættuleg tæki alla daga, þessi atriði eru nauðsynleg.
- Vantar fleiri öndunargrímur vegna lakk klefans . Inni í lakk klefa eru mikið af heilsuspillandi efnum, við fáum að læra í bóklegu smíðatímunum ákveðin öryggisatriði sem eiga framfylgt a en eru það ekki hér. Er það gott fordæmi?!

Við nemendur í smiðjunni viljum óska eftir fundi með stjórnendum skólans varðandi mál hér í smiðjunni, við teljum að þetta myndi ýta undir þær nauðsynlegu breytingar sem vantar hér niðri í smiðju.

Heimir Jónsson – TRÉS1HV08

1. Við viljum fá nýjar skemmur við smíðastofuna.
2. Það vantar hjartastuðtæki í smíðastofurnar.
3. Það vantar afþreiðingar herbergi fyrir nemendur.
4. Stálsmíðina til baka.
5. Við viljum fá smáhýsin í Elliðárdalinn.
6. Við viljum fá fleiri stelpur í smiðinn.
7. Sjálfsala í smíðahúsinu.
8. Húsgagnasmíðabraut.
9. Frítt í sund fyrir nemendur.

Anna Sigríður Sigurðardóttir – SPÆN1BB05

- Hafa snyrtilegra í kringum skólann
- Setja bekki eitthvert út svo að nemendur geti setið fyir utan og borðað/lært í góðu veðri
- Hafa tjörnina fyrir utan skólan við nýja inngang aðeins snyrtilegri
- Laga niðurföll á bílastæði – Bílastæðið er oft einn risastór pollur
- Stúdentagarðar (við framhaldsskóla alment) – Fólk sem flytur utan að landi til þess að fara í framhaldsskóla hefur ekki endilega ættingja í bænum.
- Vantar eiginlega fleiri litlar og ódýrar íbúðir (hærri blokkir)
- Gera Austurbergið að einstefnugötu
- Hringtorg hjá gatnamótunum Vesturbergs og Hóla
- Breikka hjólreiða- og göngustíga

Alma Guðmundsdóttir – HAS1012

-Undirgöng í kringum Hólabrekkuskóla.
-Fá vegagerð í að laga holur í götunum.
-Gera eitthvað fyrir framan inngang matsalsmegin. Eins og t.d. fleiri bílastæði eða gosbrunn 80m2 – með gullfiskum.
-update á tölvukerfinu.
-Vantar ruslafötur í nærumherfi skólans.
-Hita í bílastæðum á veturna. –Allavega í fatlaðastæðunum. Aldrei vesen. Þarft ekki að skafa og enginn festir sig. Öll bílastæði alltaf akkúrat laus.
-Önnur aðkoma inn á bílastæðinu.
-Búa til stúdentagarða. Veit ekki hvar. En fullt af krökkum utan að landi sem þurfa aðsetur í bænum – ódýrt.
-Ódýrari mat – örlítið hollari mat líka.

-Fleiri bílastæði.
-Stúdenta í íbúðir í Breiðholti (50fm og stærra).

-Það þarf fleiri leiðir til að komast að skóla, það eru allt of margir bílar að fara sömu leið og erfitt að komast inn á bílastæðið.
-Koma með betri lesstofu og þarf sem matur er ekki leyfður.
-Gera aðalinngang aðeins fallegri, mætti nú alveg mála og aðeins snyrta.
-Frí mæting fyrir 18 ára og eldri.
-Góð aðstaða fyrir hjólreiðarfólk.
-Hraðari tölvur.
-Á bílastæðum þarf að hafa betri niðurfall, stundum er allt á floti.
-Gosbrunn með gullfiskum 80m2.
-Annað borð fyrir framan snyrtibrautina.
-Mætti vera ódýrari matur. Sjoppan er allt of dýr.

Gunnhildur Gunnarsdóttir – ÞÝS3124

-Það vantar fleiri bílastæði. Sérstaklega þar sem við þurfum að deila með sundlaugargestum og við þurfum að deila með sundlaugargestum og bráðum World Class gestum. BRÁÐNAUÐSYNLEGT.
-Laga stöðuvatnið sem myndast á bílastæðinu á veturna. Laga/fá meiri holræsi.
-Bílastæðin eru oft mjög skítug!
-Hringtorg á gatnamótin við bílastæðin. Umferðin myndi ganga mikið hraðar.
-Taka þrengingarnar sem hægir á öllu og setja hindranir!
-Aðstæður fyrir hjólreiðar eru mjög góðar.
-Breiðholtsjöklarnir eru ekki alveg að gera sig á bílastæðunum. Það eru ekki nógu mörg stæði fyrir, þetta er risa skóli + sundlaug og bráðum líkamsrækt. Það þarf enginn nemandi á því að halda kl. 8:30 á morgnanna að risa snjóskaflar taki 20 stæði.
-Fatahengi! Traust fatahengi sem ekki er gengið inn í og stolið! Það þorir enginn að skilja neitt eftir en það er ömurlegt að þurfa að halda á eða vera í úlpunni allan daginn.
-Fleiri ruslatunnur fyrir utan skólann! Losa okkur við þessi tyggjó fyrir framan.

Stækka bílastæði. Bílastæðahús á bílaplani fyrir utan skóla.
Bekki fyrir utan skóla.
Hringtorg á gatnamótum við bílaplan skólans eða ljósstýrð gatnamót.
Fleiri ódýrar leiguíbúðir.
Bílastæðagjald – frítt eða afsláttur fyrir nemendur (frítt fyrir NFB).
Hljóðeinangraða glugga í bókasafnið.
Nýta miðrýmið meira.
Glerþak yfir miðrými milli skólabygginganna með gluggum til að lofta út þegar heitt er.
Bæta loftræstingu í tölvustofum.
Fleiri plöntur!

1) -Taka kanta af bílastæðum og bæta við stæðum í staðinn.
-Búa til bílakjallara.
-Setja „snjójöklana“ annars staðar – reyna kannski að bræða þá.
-Ruslatunnur úti.
-Setja hita í bílastæðið/steypa sem dregur í sig vatn.
-Finna nýjan stað fyrir reykingasvæðið. Of mikið af börnum sem labba ofan í þetta!
-Setja bílastæði í staðinn fyrir körfuboltavöllinn.
-Stytta af Hafrúnu með gosbrunn í staðinn fyrir litla skóginn fyrir utan. ☺
-Glerhvelfingu yfir miðrýmið úti. Til að læra í sól!
-Þrífa fyrir utan!
2) – Byggja frekar stórar byggingar en gallinn við það væri að eini staðurinn fyrir það er móinn milli efra og neðra Breiðholts – brekkan niður í bakkana.
4) –Aðstaða til að geyma hjól og yfirhafnir sem er aðeins aðgengileg nemendum. T.d. augnskanni til að komast inn (eins og í World Class).

Gestur Þór Sigurðsson – ÍSLE2II05

1. Það mætti reynir að bæta við bílastæðum. Stundum er erfitt að finna bílastæði eftir kl. 9 því þá eru öll stæðin orðin full.
2. Kannski, er ekki pláss, nema það er blettur í Fellunum sem hægt er að byggja litlar íbúðir.
3. Við getum ekki ráðið hvort það sé mikil umferð.
4. Já, þær eru góðar. Já, það væri alltaf hægt að bæta eitthvað smá. Það eru hjólastígar allstaðar í Elliðaárdalnum.

1. Planta fleiri trjám og blómum, fá grindverk, setjum fiska í tjörnina við inngang skólans.
2. Ef þétta ætti byggð ætti að byggja stórar blokkir þar sem náttúran er mest.
3. Stytta leiðir í og frá skóla og boðið ætti upp á skólarútur fyrir þá sem þurfa það mest.
4. Laga gangstéttir og salta betur.

1. Gosbrunnur í miðsvæðið
2. Ofan á fótboltavellinum sem engin notar
3. Stækka göturnar
4. Já og nei, ekki hægt að bæta.

Hulda Hlín Ragnars – FÉLV1SF05

Knattspyrnuhöll í Breiðholtið
Bætt aðgengi inn á bílastæðin
Bæta við ruslatunnu á reykingahorninu
Íbúðablokk á krummavelli
Fleiri flokkunargámar og meira úrval af þeim
Listaverk í FB
Reykingasvæði sem tekur tillit til reykingafólks og barnanna sem labba þar um
Bæta við verslun í Gerðubergi
Drykkjarbrunnur í Elliðárdal
Bæta við verslun hjá Leifasjoppu
Gera Breiðholtið sexy fyrir ungt fólk
Skipta um gervigras á Leiknisvelli hið snarasta
Laga bílastæði í Lönguvitleysu
Hjólageymsla
Grill í miðju útisvæðisins í FB, kósy á vorin og haustin
Meiri atvinna fyrir skólafólk í Breiðholti

1) –Hiti í gangstéttirnar fyrir framan innganga
–Moka oftar
–Reykingaskýli inn á lóðina
–Laga hurðina. Skynjarinn er leiðinlegur, -aðalinngangur
–Holur í malbiki – laga
2) –Sem íbúi í Breiðholtinu finnst mér ekki góð hugmynd að byggja meira í hring, nógu þétt nú þegar.
3) –Setja tvo innganga (innkeyrslu) á bílastæðið. Inn og út eða breikka.
-Óþarfa þrengingar. Strætó stoppar í þrengingu.
4) Laga gangstéttir.

Random hugmyndir
-stytta af Sólon Birki Sveinssyni
-hengja upp stúdentamyndir
-alltof KALT! Allir eru í úlpum!
-hærri borð, nýjir stólar
-vantar fleiri innstungur á svæðum skólans

-hátalarar í kennslustofum eru alltaf vesen!
-knattspyrnuhöll í Breiðholtið
-of stutt á milli tíma, í eða úr íþróttum. 5 mín nægja ekki fyrir fataskipti, sturtu, ganga á milli.

-Það mætti stækka bílastæðið.
-Fjarlægja þröngar götur.
-Moka bílastæðið í FB eins hratt og hægt er.
-Búa til einstefnu hringveg.
-Breyta holunni fyrir framan nýja anddyrið í hjólageymslu með þaki.
-World Class opnar og þá verða engin bílastæði fyrir nemendur.
-Bílastæði passi fyrir FB nemendur.

Okkur finnst skólalið FB vera nýtt frekar vel, en okkur finnst að það mætti hafa betri aðstöðu fyrir bíla. Kannski bara bílastæðakjallari.

Einnig finnst okkur að það mætti færa reykingasvæðið lengra í burtu. Því að bæði nemendur FB og grunnskólanna í hverfinu þurfa að labba þarna framhjá. Jafnvel að finna eða búa til eitthvað afmarkað svæði til þess að reykja á. Fyrir börnin!

Á morgnanna er mikil umferð og okkur finnst að bera ætti meira tillit til þess að nemendur gætu feststi í umferð.
Kannski ætti að finna einhverja nýtingu fyrir litla pollinn/holuna (þetta sem er fyrir utan hurðina) kannski gera þetta að blómabeði (kannski flottan gosbrunn).
Leyfa listabrautinni að njóta sín með því að skreyta eða mála gangstéttina.
Aðstæður til þess að hjóla í skólann eru frekar góðar en það mætti bæta aðstöðu til þess að geyma hjólin.
Kannski að setja hjólaskúr eða allavega að bæta við fleiri grindum.
Okkur finnst að FB ætti að útvega öllum nemendum sínum aðgang í World Class! Þessi bylting gæti stuðlað að því að nemendur hreyfi sig meira, hægt væri að fara í ræktina í gati. Einnig væri hægt að hafa punktakort þar sem nemendur fá skráða punkta á sig yfir önnina fyrir að hafa mætt í ræktina. Því að sumir nemendur geta ekki stundað hreyfingu með hóp og þetta gæti hjálpað þeim.
Okkur finnst að FB mætti styrkja nemendur sína til þess að fá sér nemakort. Nemakort í strætó fyrir 16-18 ára kostar um 20.000 kr en strax eftir það fer það uppí nánast 50.000 kr sem er mjög mikill peningur.
Einnig finnst okkur sjoppan vera fáránlega dýr. Það vantar líka meira af hollum mat í sjoppuna. Það má einnig taka tillit til þeirra sem eru með ofnæmi, glúten óþol eða mjólkuróþol.
Byggja mætti kannski lítið stúdentahverfi, blokkir svipaðar og eldriborgara blokkina sem er hjá kirkjunni. Litlar blokkir með litlar íbúðir fyrir nemendur sem eru í skóla, ekkert bara nemendur í FB, heldur bara almennar íbúðir fyrir nemendur í framhaldsskóla eða menntaskóla.

4) Setja hita í bílastæðið eða salta eða ryðja snjóinn í burtu.

1) Afmarka skólalóðir svo óviðkomandi komist ekki inn.
2) Stórar byggingar.
3) ----------
Þær eru fínar.

Jóhann Arnarsson – HBF2S24

1. Minna reykingarsvæði, hreinsa lóðina betur og stækka gangbrautina aðeins.
2. Það er gott að búa í Breiðholti því það er stutt og þarf ekki að keyra nema ef þú býrð ekki í Breiðholtinu.
3. Fer eftir því hvort þú býrð nálægt og strætó hjálpar þér til ða komast í skólann og helmingi betra þegar þú ert með bílpróf
4. Nei, vegna þess að fólk mætti hjóla meira.

1. Fleiri styttur, setja blóm.
2. Við erum mjög ánægð með Breiðholtið eins og það er.

3. Við erum líka mjög ánægð með þetta.
4. Við myndum vilja breikka göngustígana til að hafa hjólastíg, kaupa fleiri hjólagrindur fyrir alla skólana í Breiðholti.

1. Það væri fínt að láta setja gosbrunn fyrir framan skólann, skólalóðinn mundi vera stærri eftir 25 ár. það mætti setja fleiri tré og blóm fyrir utan skólann og inn í miðju skólans (úti), byggja fleiri bílastæði fyrir fólk og nemendur.
2. Nokkur smáhýsi, nokkrar litlar íbúðir og byggingar á auðu lóðirnar í kringum Breiðholt.
3. Nei, engin erfiðleikar með umferðina til og frá skólanum, strætóinn kemur alltaf á réttum tíma.
4. Já, það er góð aðstaða fyrir hjólreiðar í efra Breiðholti, það er hollt og gott fyrir flólk og börn að hjóla. Að byggja hjóaskýli.
   Hjúkrunaraðstaða fyrir fólk sem er ennþá slappt eða veikt, hollari mataræði.

1. Farið vel með skólalóðina. Ekki henda rusli og sígarettum í jörðina.
2. Þær vera fallegar eða stundum í rusli þegar flólk sem hendir rusli á lóðirnar.
3. Hætta að henda rusli, taka upp það sem þú hendir, reykja fyrir utan lóðina en ekki fyrir utan skólann.
4. Það er fínt og ágætt.
5. Bara bæði að byggja blokk og hús.
6. Hafa húsið í bökkunum og seljahverfinu.
7. Nei það gerum ivð ekki.
8. Hafa hjólastíga breiða og hafa hjólagrindur í skólanum eða byggja skýli fyrir hjólin.

Guðbjörn Björgólfsson – ENS403

Laga bílastæðin – stækka
Bílastæðahús
Bílastæði bakvið skólann
FB mæti nemendum í strætó
App sem sýnir allt sem tengist skólanum
Bæta vegakerfið
Bílastæði

Upphitað bílastæðahús
Draga bíla sem leggja við gula línu
Gefa vatnsflöskur, stuðla að heilbrigði
Moka oftar snjó og losa stöðuvatnið sem myndast í rigningu
Hleðslu bílastæði fyrir rafmagnsbíla
Fleiri myndavélar á bílastæðinu

Karen Pálsdóttir - LIF203

1) A. Bæta reykingasvæði þar sem börn eru ekki að ganga, nýta svæðið fyrir aftan skólann sem er ekki notað í neitt fyrir eitthvað (þar hafa herbergi sem nemendur geta verið saman á eins og Nemó (sem er með takmarkaðan aðgang). Einhverskonar félagsmiðstöð kannski?
   B. Hafa hann líflegri, fallegri, aðgengilegri (hugmynd: svolítið eins og gróðurhús og Eden í Hveragerði). – Tjaldarhús úti sem nemendur geta verið saman, kaffi, aðstöðu, kósýheit, tepipi, bekkir.
   C. Hafa meira svæði fyrir nemendur úti til þess að vera saman, meiri einrými, kannski fleiri tré, bekki, blóm og styttur? Hafa þá frekar ekki grindverk og göngusvæði, stað til að setjast niður.
   2) Hafa íbúðir eða heimavist fyrir nemendur, erum mikið að pæla í þessu tóma skólasvæði þar sem karfan er fyrir allar þessar hugmyndir, svo mikið af því er bara tómt og ónýtt eins og fyrir utan ganginn inn í rafvirkjadeildina, afhverju er ekki hægt að vera úti í litla útisvæðinu innan við heldur? (Nýta svæðið betur og setja bílastæði neðanjarðar).

3) Ódýrara í strætó? Skólarúta? Hestar! Hjóla taxi fyrir einingar. (Myndir á veggjum FB sem geta veitt innblástur, árangri fólks og af framandi stöðum.
4) A. Hjólaskúr! Hafa betri svæði fyrir hjólin, lása og svoleiðis.
-Almennt bara nýta útisvæðið í eitthvað, krakkar hrúga sér í matsalnum og gera ekkert, væri snjallt ef við gætum nýtt þetta svæði. Væri fínt ef það væri fleira að gerast í skólanum, kannski sem getur gert skólaupplifunina meira spennandi og kannski reynt að gefa manni meiri innblástur og vilja til þess að halda sér í námi og í skólanum.
-Stórt rými eins og matsalur þar sem troða sér saman gerir allt ópersónulegra og kannski haltrar félagslífið.

1) Stækka og breyta bílaplaninu. Efri hæð eða kjallara. Setja gosbrunn í miðjuna.
2) Setja plöntur á þök.
3) Hita hjólagötur á veturna.
   Búa til útisvæði á þakinu.
   Opna Subway fyrir utan skóla.
   FLEIRI SÓFAR.
   Fallegri neðri inngang.
   Hita matsal.
   Að mega skipta dönsku út fyrir annað tungumál.
   Of mikið af áföngum sem hafa ekkert að gera með brautina sem þú ert á.

1) Ekki láta skafrenninginn taka helminginn af bílastæðinu, planta fleiri trjám.
2) Okkur finnst ekki vera pláss og viljum ekki sjá byggt yfir leikvelli t.d.
3) Má bæta strætókerfi, sérstaklega fyrir þá sem eiga heima í Grafarholti. Laga göturnar.
4) Við hjólum ekki um Breiðholtið.
   Halda útihátíð í Breiðholti.

1) Fleiri bílastæði, setja fleiri bað.
2) Setja hringtorg við gatnamótin.
3) Vantar fleiri hjólagrindur.
4) Fjölbýlishús.

1) Bæta við fleiri bílastæðum og sumarblómum.
2) Það er lítið pláss fyrir nýjar íbúðir í Breiðholtinu.
3) Taka í burtu þrengslin hjá Bónus, það tefur umferðina.
4) Aðstæður eru í lagi fyrir hjólreiðar í Efra-Breiðholti. Bjóða mætti nemendum einingu fyrir að hjóla í skólann.

2) Skólavistir fyrir nemendur á appelsínugula svæðið.
   Ef þetta yrðu 5 hæða blokkir með íbúðir fyrir nemendur á efstu 4 hæðunum og á 1 hæðinni myndu koma kaffihús, ísbúðir, veitingahús, Subway eða KFC og mögulega einhverjar verslanir. Íbúðirnar gætu verið tveggja herbergja, svefnherbergi fyrir 1-2, stofa, eldhús, baðherbergi og mögulega svalir.

Haukur Pétur Benediktsson – STÆR1BB05

Reykingasvæði
-eða færa reykingasvæðið vegna þess að litlu krakkarnir hlaupa og leika sér þarna í kring og það vill enginn reykja í kringum börnin.
Fleiri og þægilega sófa.
Fleiri sæludaga.
Sjálfsali fyrir smokka.
Stærri klukkur í skólastofum.
Fleiri skápar.
Endurbyggja skólann með Lego.
Star Wars dagur einu sinni í mánuði.
Halda uppá alla National_____day.

-fleiri sófa
-fleiri bílastæði
-setja hjólagrindur
-setja sígarettustubbahús
-gosbrunnur!
-borð úti
-hjólaskýli
-apaköttur í búri
-tala hvaða tungumál í tíma án þess að kennarinn dæmi þig
-setja fleiri staði sem hægt er að fylla á brúsa
-„chill herbergi“ staður sem hægt að vera í gati
-ókeypis ávextir með grautnum
-maður má koma með hátalara í skólann og enginn kvartar

Stefán Benediktsson – STÆR1AU05

1. a) 20 metra stytta af Ethulhu
   b) Geðveikt flottur garður eins og í Harvard
   c) Hafa hitalagnir undir öllum gangstéttum kringum skólann.
   d) Annars erum við bara mjög sáttir með umhverfi í kringum skólann
2. Við vitum ekki mikið um þetta en við myndum vilja sjá meira af húsum frekar en blokkum.
3. Við getum ekki lagað umferðina þannig að við erum mjög óviss hvernig við myndum fara að því.
4. Ekki neitt, engin af okkkur hjólar í skólann þannig við höfum minnsta áhuga á hvernig við viljum hafa göturnar fyrir hjólreiðamenn.

Heimir Jón Guðjónsson – RAM702

1. Gróður kringum bílastæði / á eyjum
2. Smáhýsi / Ekki stórar blokkir
3. Hætta og byrja á mismunandi tímum (nemendur)
4. Íslendingar hjóla ekki mikið og sama og ekkert á veturna, götur illa ruddar hvað þá hjólastígar
5. Þétta byggð með fallegur litlum húsum

1. Fleiri tré, meiri gróður og blóm og sér reikingarsvæði, fleiri bílastæði fyrir fatlaða. Hafa æfingarsvæði á skólalóðinni,
   Ennþá hreinlegt og hafa ljós hjá skiltinu og aftan við stafina
2 Hafa ensku líka á skiltunum, frekar litlar byggingar út af því ef þær eru of stórar þá fær maður ekkert sólskin, breyta skipulaginu hjá Hraunbergs torginu fyrir hús.
3 Hafa ruslatunnur úti, hafa eina leið inn á bílastæðin og eina leið út.
4 Veit ekki

1. a) Það mætti vera hiti í jörðinni við bílaplanið.
   b) Fullt af trjám, gosbrunnur og hiti í jörð.
   c) Bæta að stöðu fiskanna í andyrinu, koma þeim fyrir í fallegu búri.
2. Það vantar klárlega fleiri íbúðir sem eru 30-50 fm2, byggingin gæti verið á rauða hringnum á blaðinu.
3. Það mætti setja gangbraut við þrenginguna við hliðina á FB.
4. Það vantar hjólastíga.